

Reglur um námsstyrki til stofnana Fjarðabyggðar

1. gr.

Reglur þessar ná til allra starfsmanna Fjarðabyggðar sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðsemjenda.

2. gr.

Fjarðabyggð mun árlega verja tiltekinni fjárhæð til námsstyrkja. Framlagið skal endurskoðað árlega við gerð fjárhagsáætlunar.

3. gr.

Við ákvörðun um úthlutun námsstyrkja skal miða við þarfir bæjarfélagsins sem og þarfir og möguleika starfsmannsins til starfsþróunar. Námsstyrkir skulu nýttir til kostunar náms sem nýtist starfsmanni í störfum hjá bæjarfélaginu og starfsemi þess.

4. gr.

Bæjarritari/mannauðs- og kjarateymi meta umsóknir, að undangenginni umsögn og umsókn viðkomandi yfirmanns og afgreiða.

5. gr.

Umsóknum um styrk vegna náms sem hefst að hausti skal skila til mannauðs- og kjarateymis fyrir 1. júlí en fyrir 1. nóvember vegna náms sem hefst um áramót. Umsóknir verða afgreiddar tvisvar á ári, þ.e.a.s í lok júlí og lok nóvember. Í umsókn skulu koma fram greinargóðar upplýsingar um viðkomandi nám og námstíma og með hvaða hætti menntunin geti nýst á sérsviði starfsmanns hjá bæjarfélaginu.

6. gr.

Hlutaðeigndi stjórnandi ber ábyrgð afgreiðslu styrks til starfsmanns, úthlutun tíma vegna námsins og vinnutilhögun. Greiðsla skal innt af hendi við framvísun kvittunar eða reikninga vegna náms.

7. gr.

Styrkir eru veittir starfsmönnum sem:

- a) stunda viðurkennt réttindanám á framhalds- eða háskólastigi, sem gagnast í starfi hjá Fjarðabyggð.
- b) stunda viðurkennt starfstengt framhaldsnám á háskólastigi, sem gagnast í starfi hjá Fjarðabyggð. Krafist er a.m.k. 10 ECTS eininga á önn.
- c) eru í 50% starfi eða hærra hlutfalli hjá Fjarðabyggð

8. gr.

Styrkveiting

Styrkurinn er fólgin í einum eða fleirum eftirtalinn liða allt eftir þörf hvernar stofnunar:

- a) Stofnunin fær úthlutað allt að 50.000 kr. árlega fyrir hvern starfsmann sem stundar ofangreint nám og er í a.m.k. 50% starfi. Leikskóli getur fengið að auki allt að 50.000 kr. framlag vegna starfsmanns sem stundar diplómanám og B.Ed nám í leikskólafræðum. Styrkveitingar miðast við fjárheimildir hvers árs.
- b) Stofnunin fær úthlutað sem nemur allt að 24 yfirvinnustundum á ári fyrir hvern starfsmann svo hann megi þreyta próf á vinnutíma og/eða sækja staðbundnar námslotur. Leikskóli getur fengið að auki allt að 36 yfirvinnustundum vegna starfsmanns sem stundar diplómanám eða B.Ed nám í leikskólafræðum. Styrkveitingar miðast við fjárheimildir hvers árs.
- c) Stofnun getur boðið starfsmanni uppá sveigjanlegan vinnutíma en óskerta vinnuskyldu verði því við komið.

9. gr.

Námsframvinda og árangur skal vera með eðlilegum hætti og upplýsingum um námsframvindu skal komið til forstöðumanns viðkomandi stofnunar við afgreiðslu styrkja og veitingu leyfa

10. gr.

Styrkveitingar vegna a-liðar eru veittar af fjárhagslið þess árs sem sótt er um styrk og framlög til stofnana vegna b-liðar eru veittar af fjárheimild komandi fjárhagsárs. Styrkveiting er miðuð við 12 mánaða tímabil.

Eldri reglur falla úr gildi og reglurnar eru til þriggja ára.

Fjarðabyggð 19. júlí 2018



Gunnar Jónsson
bæjarritari

Samþykkt í bæjarráði 8. júní 2015.

Samþykkt í bæjarstjórn 18. júní 2015.

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 16. júlí 2018, í kjölfar sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.